

REGLUR

um breytingu á reglum, nr. 619/1994, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

1. gr.

Við reglurnar bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

- a. Með óskertu tekjujöfnunar- og þjónustuframlagi, skv. 12. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, á því ári er sameiningin tekur gildi.
- b. Með sérstöku framlagi í fjögur ár, frá sameiningarári að telja, sem nemi skerðingu þeirri sem kann að hafa orðið á tekjujöfnunar- og þjónustuframlagi í kjölfar sameiningar, sbr. 5. tölulið.

2. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sérstakt framlag skv. 6. tölulið greiðist aðeins til þeirra sveitarfélaga þar sem sameiningin hefur tekið gildi 1. janúar 2001 og síðar.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 98. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. október 2001.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.